

Borgarráð

Tillaga um ábyrgðargjald Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2021

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að haga álagningu ábyrgðargjalds á Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2021 þannig að 0,60% ábyrgðargjald verði lagt á lán sem tekin hafa verið vegna samkeppnisrekstrar fyrirtækisins og 0,81% á lán vegna sérleyfisrekstrar.

Greinargerð:

Tillagan byggir á mati Summu ehf. á hæfilegu ábyrgðargjaldi á lán vegna samkeppnisrekstrar OR annars vegar og mati á hæfilegu ábyrgðargjaldi vegna lána vegna sérleyfisrekstrar. Mat Summu var framkvæmt í samræmi við ákvörðun borgarráðs 29. september 2011 og fyrirmæli ESA. Skipting lána milli samkeppnisrekstrar og sérleyfisrekstrar byggir á gögnum frá OR. Niðurstaða Summu ehf. var sú að til að eyða ívilnun sem Orkuveitan nýtur vegna ábyrgðar eigenda þyrftu lán sem tekin eru með ábyrg borgarsjóðs vegna samkeppnisrekstrar að bera 0,60% ábyrgðargjald og lán sem tekin eru með ábyrgð borgarsjóðs vegna sérleyfisrekstrar að bera 0,81% ábyrgðargjald. Ekki er lagt ábyrgðargjald á eigendalán til fyrirtækisins eða þau lán sem ekki njóta ábyrgðar eigenda.

Tekjur borgarsjóðs af ábyrgðargjald eru áætlaðar á árinu 2021 eftirfarandi:

	Eftirstöðvar ma.kr. (meðalstaða)	Ábyrgðar- gjald %	Áætlað ábyrgðargjald
Lán með ábyrgð 2021			
Lán vegna samkeppnisrekstrar	46,1	0,60%	276.600.000
Önnur lán með ábyrgð	37,5	0,81%	303.750.000
Samtals lán með ábyrgð	83,7		580.350.000

Við álagningu ábyrgðargjalds þurfa eigendur að horfa til tveggja sjónarmiða. Annars vegar skal álagning ábyrgðargjalds miðast við að afnema að fullu þá ívilnun sem Orkuveitan nýtur í formi hagstæðari lánskjara vegna ábyrgðar eigenda á lánum til verkefna í samkeppnishluta fyrirtækisins. Hins vegar ber eigendum að gæta þess að álagning gjaldsins taki mið af meðalhófi þannig að vægasta úrræði sé valið í anda góðrar stjórnsýslu og til að standa vörð um hagsmuni fyrirtækisins.

Halldóra Káradóttir,
Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs